

## Stjórnarfundur GHG 1. apríl 2014

Mættir voru: Páll, Þorsteinn, Össur, Auðunn, Sigrún, Morten, Ólafur og Kristinn. Alfreð komst ekki og Ásta var erlendis.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
  2. Árshlutauppgjör nóvember til febrúar. Kristinn sagði frá:
    - Launahækkanir hefðu verið u.þ.b. 6% miðað við sama tímabil í fyrra.
    - Minna fé hefur farið í viðhald á skála en á sama tíma í fyrra.
    - Tekjur umfram gjöld eru 1,6 milljónir á tímabilinu.
    - Yfirdrátturinn er enn í 4 milljónum kr.
    - Allir ógreiddir reikningar í lok febrúar voru greiddir í mars.
    - Auðunn sagði frá að fjármálateymi hefði fylgt þeim eftir sem ekki greiddu félagsgjöld, samband var/verður haft við fólk til að sýna að GHG hafi áhuga á félagsmönnum og veru þeirra í klúbbum.
  3. Gjaldskrár vallargjalda og tengdrar þjónustu. Fyrirliggjandi eru tillögur frá fjármálateymi. Tillögur fengu umfjöllun fundar.
    - Stungið upp á að aukaaðildargjaldi – kr. 40.000 og verði hið sama og sumarkort einstaklinga – fundur samþykkir.
    - Tillögur að gjaldskrá samþykktar – sjá gjaldskrá sem fylgiskjal.
    -
  4. Starfsáætlanir – útskipt fjárhagsáætlun. Farið yfir uppfærðar starfs áætlanir nefnda fyrir 2014. Engar athugasemdir viðútskiptingu fjárhagsáætlunar eða starfsáætlunar og eru þær samþykktar af stjórn.
  5. Starfsmannamál í skála.
    - Rætt um hugmyndir að rektraraðila skála. Tiltekinn aðili sýndi þessu áhuga en ekkert varð úr í ár.
    - Anna María Sigurbjörnsdóttir og Katrín Eik Össurardóttir verða starfsmenn í skála 2014.
  6. Kynning hugmynda um framkvæmdir við golfskálann. Morten sýnir hugmyndir á skjá.
    - Stjórn hrifin af teikningum. Húsnefnd falið að koma með tillögur um framkvæmdaáætlun. Lagt til að teikningar verði kynntar á félagsfundi.
    - Húsnefnd leggur til að gámurinn verði notaður undir golfbíla og að notendur standi straum af þeim kostnaði. Framkvæmdastjóra falið að ræða við bíleigendur og leggja fram kostnaðarmat.
  7. Nýliðamál. Ólafur les fundargerð útbreiðslu- og skemmtinefndar. Lagt til að haldinn verði kynningardagur í Hamarshöll um miðjan apríl. Einnig eru lagðar fram tillögur um nýliðagjald og námskeiðahald fyrir nýliða.
- Stjórn óskar eftir nánari útfærslu frá nefndinni á eftirfylgni nýliða, m.t.t. æfinga o.fl. Gott að geta gefið út hvernig að verður staðið að námskeiðum sem fyrst, helst fyrir kvennakvöld 23. apríl.
8. Önnur mál.

- Páll gerir athugasemd við innanfélagasmót. Hrósar fyrst mótanefnd fyrir púttmótaröð vetrarins og metnaðarfulla mótaáætlun 2014. Leggur til að keppnistímar innanfélagsmótaraðar sumarsins geti farið fram frá kl. 10:00. á morgnana, ekki einungis frá kl. 16. Sá tími mismunar rétti fólks til þátttöku, t.a.m. fjölskyldufólki með ung börn og vaktavinnufólki. Páll leggur til að mótanefnd endurskoði tímarammann.
- Páll segir frá samvinnu við GOS á sviði barna- og unglingsstarfs. Stefnt er að samvinnu í sveitakeppni í sumar og jafnvel í æfingum, mótum s.s. Suðurlandsmótaröðinni. Páll leggur til að afrekshópur GOS geti spilað gjaldfrjálst á velli GHG og afrekshópur geti gert hið sama á Selfossi – á tímum sem völlurinn er ekki bókaður. Um eru að ræða 8 krakkar á Selfossi og 7 í Hveragerði. Tilgangurinn er að auka samvinnu og efla félagsandann milli klúbbana. Með þessu móti öðlast krakkarnir stuðning frá hverju öðru og líkur aukast á að komið verði í veg fyrir brottfall úr sportinu. Stjórn samþykkir og felur Páli að útfæra fyrir næsta stjórnarfund.
- Páll spyr hvort ekki verði boðið upp á áhorf í skála á Mastersmótið í USA 10. – 13. apríl. Slíkt efli félagsandann og geti skilað krónum í kassann. Einnig spurt um opnun vallar um páskana. Þar sem páskar eru nær sumrinu en áður séu líkur á að völlur verði tilbúinn um páska. Páll spyr hvort ekki eigi að opna ef aðstæður leyfi – ekki veiti af tekjum í kassann. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.
- Páll segir frá fyrirætlunum um að hafa og halda barnastarf sumarsins sem mest á golfvellinum á Hótel Örk. Páll telur að ein ástæðan fyrir því að ekki hafi tekist til að auka nýliðun sé fjarlægð golfvallar í Gufudal frá Hveragerðisbæ. Meiri líkur séu á aukinni þátttöku barna ef starfið fer fram á Arkarvellinum í Hveragerði.
- Páll leggur til að Birgir Busk verði ráðinn til kennslu á SNAG golfi í aðdraganda golfsumars – til kynningar fyrir klúbbinn og sportið. Stjórn samþykkir.
- Páll leggur til að GHG í samstarfi við Hveragerðisbæ setji upp net í Hamarshöll fyrir næsta vetur – svo hægt verði að slá í net yfir vetrartímann. Þetta hefur vantað hingað til.
- Páll spyr í hvaða farvegi könnun vegna athugasemda Gunnars Marels varðandi rekstur GHG séu. Auðunn svarar því til að hann hafi ekki komist í málið en það standi til.
- Sigrún spyr um kennslu. Rætt um þá þjálfara sem eru í boði.
- Sigrún óskar eftir að skáli verði klár fyrir kvennakvöld 23. apríl.
- Ólafur leggur til að tímamörk funda séu virt.
- Næsti fundur 22. apríl 17:15

Fundi slitið kl. 19:45

2013

1,50

<b>Fullt gjald</b>	Holur		
flatargjald	9	2.800	3.000
flatargjald	18	3.900	4.500
flatargjald hjón	9	4.500	4.500
flatargjald hjón	18	6.200	6.750
<b>Afsláttargjald</b>			
flatargjald	9	2.000	2.200
flatargjald	18	2.900	3.300
flatargjald hjón	9	3.200	3.300
flatargjald hjón	18	4.600	4.950
<b>Börn og unglingar</b>			
flatargjald 16-18	9	1.000	1.500
flatargjald 16-18	18	1.500	2.250
flatargjald 13-15	9	500	750
flatargjald 13-15	18	1.000	1.125
flatargjald <= 12 ára		500	Fritt í fylgd með fullorðnum
<b>Annað</b>			
Sumarkort einstaklinga		40.000	40.000
Sumarkort fyrirtækja		50.000	50.000
Golfbíll 9 holur		2.500	3.000
Golfbíll 18 holur		3.500	4.500
Golfsett m kerru		2.000	2.500
Golfkerra		500	1.000
Afsláttarkort 5 x 9 holur		11.000	12.000
Afsláttarkort 5 x 18 holur		15.000	18.000